

# Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingi-Þjórsýslum



## Forsíðumyndin



Forsíðumyndin er að þessu sinni af starfsmönnum skógræktarinnar á Vöglum í Fnjóskadal sem flestir eiga það sameiginlegt að vera félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur.



Vorboðinn ljúfi, Hörður Þórballsson, sést hér buga að vorverkum við Fossbótel Húsavíkur sem sonur hans Þórballur Harðarson stýrir. Hörður hefur fram að þessu ekki beint verið þekktur sérstaklega fyrir garðyrkjustörf, hins vegar hefur hann verið farsæll skipstjóri í gegnum tíðina. Hörður hefur nú lagt sjómennskuna á billuna og sinnir nú alblíða störfum á Fossbótel, Húsavík.

## Verkalýðsfélag Húsavíkur eignast nýja íbúð í Reykjavík

Við sameiningu Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Raufarhafnar eignast nýja félagið íbúð sem Verkalýðsfélag Raufarhafnar átti í Asparfelli 8 í Breiðholti. Um er að ræða 2ja herbergja íbúð á fyrstu hæð í blokk. Aðildarfélag stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum eiga því orðið fimm íbúðir í Reykjavík sem eru í stöðugri notkun fyrir félagsmenn. Varðandi íbúðina í Breiðholti þá er hún vel staðsett. Góð bílastæði eru við blokkina auk þess sem stutt er í verslanir. Nú er um að gera fyrir



félagsmenn að prófa íbúðina í Breiðholti eigi þeir leið til Reykjavíkur.

## Verkalýðsfélag Þórshafnar styrkir skátana

Verkalýðsfélag Þórshafnar styrkti nýlega skátafélagið á Þórshöfn um kr. 60.000,- vegna fyrirhugaðrar ferðar til Danmerkur. Um er að ræða fræðslu- og kynnisferð. Verkalýðsfélagið hefur á síðustu árum verið duglegt við að leggja góðum málefnum lið.




Svava Árnadóttir sem hér sést á myndinni er nýr stjórnarmaður í Verkalýðsfélagi Húsavíkur. Svava var um tíma formaður Verkalýðsfélags Raufarhafnar og er því mikill fengur að fá bana í stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur enda býr hún yfir mikilli þekkingu og reynslu af verkalýðsmálum. Svava verður sérstakur trúnaðarmaður félagsins á Raufarhöfn. Auk þennar kemur Eyryn Guðmundsdóttir frá Raufarhöfn inn í varastjórn félagsins.

## Viðbót komin með öll tilskilin leyfi Ánægjuleg viðbót við þingeytskt atvinnulíf



Þessa dagana er mikið að gera hjá fyrirtækinu Viðbót á Húsavík sem vinnur vörur úr grænlenksku breindýrakjöti.

Það var að venju létt yfir eigendum og starfsmönnum Viðbótar á Húsavík sem nýlega fengu loksins öll tilskilin leyfi til að vinna úr grænlenksku hreindýrakjöti á Húsavík. Það á bæði við um innlenda og erlenda markaði. Frystigeymslur fyrirtækisins eru fullar af kjöti og því næg verkefni framundan við úrvinnslu úr kjötinu en ný sending af kjöti er væntanleg frá Grænlandi í haust. Í dag starfa fimm starfsmenn hjá fyrirtækinu og að sögn forsvarsmanna fyrirtækisins er full þörf á því að ráða fleiri starfsmenn. Hins vegar hefðu þeir valið að fara hægt af stað með mannaáðingarátt þrátt fyrir lægju næg verkefni fyrir fleiri hendur. Þeir sögðust jafnframt vera í góðu samstarfi við Norðlenska um vörupróun og vinnslu á hreindýrakjöti. Þá væri frekara samstarf einnig til umræðu. Bræðurnir Örn Logi og Gunnar Óli eru í forsvari fyrir fyrirtækinu á Húsavík. Þeir



Örn Logi stendur hér við staðu af breindýrakjöti sem biður þess að vera unnið í neytendapakkingar fyrir innlenda og erlenda markaði. Vörur fyrirtækisins eru þegar farnar að seljast vel.

sögðust vera bjartsýnir á framtíð fyrirtækisins og framundan væri því vonandi tóm gleði.



Skip Grænfríðunga, Esperanza, sigldi inn í Húsavíkurböfn í lok júní. Í tilefni af komu skipsins til Húsavíkur óskaði formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur eftir fundi með talsmönnum Grænfríðunga til að ræða afstöðu þeirra til bivalveða Íslendinga og fiskeveiða almennt. Hann gerði Grænfríðungum grein fyrir hagsmunum fiskvinnslufólks og sjómanna sem hann taldi mikla. Fundurinn var vinsamlegur og svörðu Grænfríðungar fyrirspurnum formanns VH. Eftir bestu getu. Fjallað var ýtarlega um fundinn á heimasíðu stéttarfélaganna [vh.is](http://vh.is) auk þess sem Skarpur fjallaði um málið.

**Skrifstofa**  
**stéttarfélaganna**  
**Sími 464 6600**  
**[www.vh.is](http://www.vh.is)**



Sæmundur Jóbannsson starfsmaður Raufarhafnarbrepps sést hér við slátt á opnu svæði á Raufarhöfn. Mikið er lagt upp úr því á Raufarhöfn að bafa bæinn breinan og fallegan.

## Viltu upplifa hátíðarhöldin 1. maí?

Dagskrá hátíðarhaldanna á Húsavík 1. maí 2004 var tekin upp á myndband. Þeir sem vilja upplifa hátíðina sem var sérlega glæsileg geta fengið spóluna lánaða endurgjaldslaut á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Um þessar mundir er beiðurskonan, Málmfriður Pálsdóttir, að láta af störfum eftir tæplega 30 ára farsælt starf við ræstingar hjá Naustagili á Húsavík. Við það tækifæri var Malla kvædd með virktum af öðrum starfsmönnum fyrirtækisins enda Malla hvers manns bugljúfi.



Hér má sjá stjórn Sjúkrasjóðs Verkalýðsfélags Þórsbafnar á fundi. Þau eru, Líney Sigurðardóttir, Kristín Kristjánsdóttir og Kristján Gunnarsson. Stjórnin kemur reglulega saman og tekur fyrir umsóknir félagsmanna um styrki og bætur úr sjóðnum. Á síðasta starfsári greiddi sjóðurinn um 2,5 milljónir í bætur og styrki til félagsmanna.

## Félagar á Raufarhöfn!!!

Það er mjög mikilvægt að þeir sem vilja gerast félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur skrifi undir eyðublað þess efnis sem er meðfylgjandi þessu fréttabréfi og sendi það síðan til Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík, Garðarsbraut

26. Einnig er hægt að afhenda Svövu Árnadóttir trúnaðarmanni félagsins á Raufarhöfn blaðið. Aðeins þeir sem undirrita blaðið teljast fullgildir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur.

*Mývatnssveit:*

## Glæsilegt Baðlón



Baðlónið í Mývatnssveit er allt bið glæsilegasta.

Nýlega var opnað nýtt og glæsilegt baðlón í Mývatnssveit sem án efa á eftir að hafa mjög jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu. Það er alltaf jafn ánægjulegt þegar menn eru stórhuga og hrinda í fram-

kvæmd hugmyndum sem styrkja svæðið. Þess vegna ekki síst er full ástæða til að fagna þessu framtaki heimamanna og þeirra sem komu að því að gera þessa hugmynd að veruleika.

## Minna um ferðamenn



Norður-Þingeyingar biða eftir bættum samgöngum á svæðinu ekki síst aðilar í ferðaþjónustu.

Að sögn starfsmanna í versluninni Ásbyrgi í Kelduhverfi hefur farið minna fyrir ferðamönnum það sem af er þessu sumri sé miðað við síðustu ár. Starfsmenn höfðu ekki beinar skýringar á ástæðum þess þó væri töluvert um að hringt væri

og spurt fyrir um hvort búið sé að ganga frá þjóðveginum um Tjörnes en þar hafa staðið yfir miklar vegaframkvæmdir á síðustu árum. Því er ljóst að bættar samgöngur á svæðinu munu hafa jákvæð áhrif ekki síst á ferðaþjónustu á svæðinu.

1. maí hátíðarhöldin:

# Fjölmenni í Félagsheimilinu

Mikið fjölmenni var saman komið í Félagsheimili Húsavíkur 1. maí þar sem hátíðardagskrá stéttarfélaganna fór fram í tilefni baráttudags verkafólks. Fjölmargir skemmtikraftar komu fram og hátíðarræðu dagsins flutti Ingibjörg R. Guðmundsdóttir formaður Landssambands íslenskra verslunarmanna. Í lokin var hátíðargestum boðið upp á kaffiveitingar. Kvikmyndasýningar voru fyrir börn í Samkomuhúsinu. Um 700 manns tóku þátt í hátíðarhöldunum. Með þessari frétt eru nokkrar myndir sem segja meira en langur texti.



VH og VR sameinast:

# Öflugt stéttarfélag á Norðurlandi



Gengið frá sameiningu Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Raufarhafnar. Formaður VH, Aðalsteinn Á. Baldursson og Pálína Valsdóttir formaður VR bandsala sameininguna. Með þeim eru Jón Ketilsson og Erla Guðmundsdóttir stjórnarmenn í Verkalýðsfélagi Raufarhafnar.

Pann 1. júlí s.l. sameinuðust Verkalýðsfélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Raufarhafnar undir nafni Verkalýðsfélags Húsavíkur. Fjárhagslegur samruni gildir þó frá 1. janúar 2004. Viðræður um sameiningu hafa staðið yfir síðustu mánuði með þeim árangri að nú hefur verið gengið frá samkomulagi um sameiningu félaganna. Viðræðurnar voru mjög vinsamlegar enda fullur vilji hjá báðum aðilum að vinna að sameiningu félaganna. Félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur fyrir sameiningu voru um þúsund og félagsmenn í Verkalýðsfélagi Raufarhafnar voru um eitt hundrað. Markmiðið með sameiningunni er að efla félagið með hagsmunum félagsmanna að leiðarljósi og að uppfylla kröfur um sjálfsagða þjónustu við félagsmenn. Ljóst er að Verkalýðsfélag Húsavíkur er fjárhagslega sterkt félag sem hefur alla burði til að gera betur við sína félagsmenn en önnur sambærileg félag hafa getu til. Það er von félaganna að sameiningin leiði til þess að önnur stéttarfélög verkafólks í Þingeyjarsýslum gangi til liðs við félagið þannig að til verði eitt öflugt stéttarfélag á svæðinu undir nýju nafni. Samkomulagið um sameiningu félaganna er eftirfarandi:

Frá og með 1. júlí 2004 sameinast Verkalýðsfélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Raufarhafnar undir nafni og kennitölu Verkalýðsfélags Húsavíkur. Fjárhagslegur samruni miðast þó við 1. janúar 2004. Frá þeim tíma yfirtekur Verkalýðsfélag Húsavíkur eignir og

skuldir Verkalýðsfélags Raufarhafnar sem tilgreindar eru í fylgiskjali frá PricewaterhouseCoopers ehf. og varðar áætlaðan efnahagsreikning Verkalýðsfélags Raufarhafnar 31. desember 2003. Verkalýðsfélag Húsavíkur skuldbindur sig einnig til að taka við þeim réttindum og skyldum sem félagsmenn í Verkalýðsfélagi Raufarhafnar hafa áunnið sér hjá félaginu fyrir sameiningu samkvæmt lögum og reglugerðum sjóða Verkalýðsfélags Húsavíkur.

Þjónustuskrifstofa félagsins verður á Húsavík. Sérstakur trúnaðarmaður félagsins verður staðsettur á Raufarhöfn. Gerðar skulu lagabreytingar sem kveði á um að leitast verði við að tveir fulltrúar frá Raufarhöfn verði í stjórn og varastjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur á hverjum tíma. Þessi regla taki gildi á aðalfundi félagsins fyrir árið 2004. Fram að þeim tíma verði tveir fulltrúar frá Raufarhöfn sem hafi málfrelsi og tillögurétt á stjórnar- og trúnaðarmannaráðsfundum en ekki atkvæðisrétt. Það er von félaganna að önnur stéttarfélög í Þingeyjarsýslum sameinist Verkalýðsfélagi Húsavíkur. Samfara frekari sameiningu verði nafni félagsins breytt í takt við nýtt félagssvæði. Stjórnir Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Raufarhafnar fagna sameiningunni og telja hana vera til mikilla hagsbóta fyrir félagsmenn. Markmið félagsins verður að standa vörð um réttindi félagsmanna, velferðar- og fræðslumál auk þess að halda uppi öflugu félagsstarfi. Sameinuð til sóknar.

# Námsstyrkir til félagsmanna

Félagsmönnum í Verkalýðsfélagi Húsavíkur, Verkalýðsfélagi Þórshafnar og Verkalýðsfélagi Óxarfjarðar bjóðast styrkir til starfs- tengdra námskeiða. Styrkurinn er getur numið allt að kr. 35.000 á ári til einstaklinga sem eru fullgildir félagsmenn. Félögin eru aðilar að fræðslusjóðunum Landsmennt og

Sjómennt sem gerir félögnum kleift að greiða félagsmönnum þessa háu styrki. Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér þessa möguleika til niðurgreiðslu á námskeiðskostnaði. Frekari upplýsingar eru til staðar á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Daglega eru farnar nokkrar bvalaskoðunarferðir frá Húsavík og hér má sjá Fald ÞH koma úr einni slíkrri ferð í vikunni.



Skrifstofa stéttarfélaganna ásamt nokkrum öðrum stofnum á Húsavík taka í sumar þátt í samstarfskerfinu með Húsavíkurbæ. Samstarfið fellst í því að stofnanirnar taka á sér unglinga á aldrinum 16 til 17 ára í vinnu. Verkefnið stendur til 6. ágúst. Samkvæmt samkomulaginu mun Arna Rún Oddsdóttir starfa á Skrifstofu stéttarfélaganna í sumar og er hún boðin velkomin til starfa.

Norðlenska og Viðbót á Húsavík ásamt Imþru sem er nýsköpunarmiðstöð fyrir frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki hafa síðustu mánuði unnið að þróun á þurrkuðu breindýrakjöti sem hugmyndin er að fari á markað í Grænlandi og síðar á Evrópumarkað. Kristján Arnarson kjötíðnaðarmeistari hjá Norðlenska stýrir verkefniinu og að hans sögn lofar framleiðslan góðu. Hann sagði að einnig væri unnið að frekari vörubrúun úr afurðum úr breindýrakjöti í samvinnu við Viðbót og t.d. befið nýlega verið sett á markað grillkjöt sem befið þegar fengið góðar viðtökur. Þess má geta að kjöttið er m.a. til sölu í Úrvali á Húsavík. Ástæða er til að bvetja Þingeyinga til að smakka þessa nýju afurð sem framleitt er á Húsavík úr grænlandsku breindýrakjöti. Á myndinni er Kristján með nýju afurðina sem fljótleiga fer á markað í Grænlandi.



# Fróðleiksmolar frá aðalfundi VH



## Afkoma félagsins góð

Fjárhagsleg afkoma félagsins var góð á árinu 2003. Félagsgjöld og iðgjöld hækkuðu frá síðasta ári. Rekstrarútgjöld félagsins hækkuðu lítillega milli ára. Heildartekjur félagsins námu kr. 41.759.943 á sl. ári, heildar rekstrarútgjöld námu kr. 26.823.216. Á síðasta ári var tekjuafgangur af öllum sjóðum félagsins. Skrifstofa stéttarfélaganna var rekin sameiginlega af stéttarfélagunum í Suður-Þingeyjarsýslu. Auk þess eru Verkalýðsfélag Öxarfjarðar, Verkalýðsfélag Þórshafnar og Húsnæðissamvinnufélagið Búseti með þjónustusamning við Skrifstofu stéttarfélaganna. Rekstur skrifstofunnar gekk vel á sl. ári. Þátttaka V.H. á síðasta ári í rekstrarkostnaði nam kr. 9,9 millj. á móti 8,5 millj. árið á undan. Innheimta félagsgjalda var með svipuðu sniði og árið á undan. Almennu eru launagreiðendur samviskusamir að skila félagsgjöldum og mótfamlögum á réttum tíma. Nokkrir launagreiðendur hafa þó trassað þessi skil og eru þannig að brjóta lög og kjarasamninga. Það að skila félagsgjöldum starfsmanna sinna ekki á réttum tíma má jafna við fjárdrátt, því afdregin félagsgjöld eru ekki á neinn hátt eign launagreiðanda og er honum óheimilt að nota þá fjármuni í sínum rekstri.

## Eitt lægsta félagsgjaldið

Á aðalfundinum var samþykkt að hafa félagsgjaldið óbreytt eða 1% af launum. Félagsgjaldið verður því áfram eitt það lægsta hjá sambærilegum félögum á Norður- og Austurlandi. Þrátt fyrir það eru bætur og styrkir úr sjúkrasjóði félagsins með því besta sem gerist. Félagsmenn ættu því að vera mjög ánægðir með þessa stöðu.

## Greiðslur úr sjúkrasjóði um 6,4 milljónir

Alls nutu 267 félagsmenn bóta frá sjúkrasjóði félagsins á árinu. Samtals námu greiðslur vegna

sjúkradagpeninga, annarra sjúkrabóta og styrkja kr. 6.459.259 sem er aðeins hækkun frá fyrra ári.

## Niðurgreiðslur til félagsmanna vegna orlofsdvalar um 1,5 milljónir

Á síðasta ári dvöldu 143 félagsmenn ásamt fjölskyldum sínum, í orlofshúsum, orlofsbúðum, feli-húsum, tjaldvögnum og á hótélum á vegum félagsins. Sú mikla aðsókn sem verið hefur í orlofshúsum og í aðra möguleika sem félagið hefur boðið upp á í orlofsmálum er ekki sist tilkomin vegna þess að félagið niðurgreiðir leiguna verulega fyrir félagsmenn. Á síðasta ári námu þessar niðurgreiðslur um 1,5 milljónum.

## Félagsmenn fengu um 2 milljónir í námskeiðsstyrki

Verkalýðsfélag Húsavíkur leggur mikið upp úr kraftmiklu fræðslustarfi

og stendur reglulega fyrir námskeiðum fyrir félagsmenn í samvinnu við atvinnurekendur og opinberrar stofnanir. Óhætt er að segja að Fræðslusjóðirnir Landsmennt og Sjómennt sem samið var um í kjarasamningum árið 2000 hafi gert það að verkum að stéttarfélag og fyrirtæki hafa haft burði til að standa fyrir metnaðarfullu námskeiðahaldi. Í því sambandi má geta þess að félagsmenn fengu greiddar 2.146.390.- í einstaklingsstyrki frá Landsmennt í endurgreiðslur vegna námskeiða á árinu 2003. Verkalýðsfélag Húsavíkur greiðir hlutfall af tekjum vegna félagsgjalda til Landsmenntar, þannig öðlast félagsmenn rétt til styrkja úr sjóðnum.

## Fyrsta námskeiðið í fiskeldi haldið á Húsavík

Síðasta vetur var haldið

námskeið fyrir starfsfólk í fiskeldi sem var samstarfsverkefni fiskeldisfyrirtækja á svæðinu, Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og stéttarfélaganna (Verkalýðsfélag Húsavíkur-Verkalýðsfélag Öxarfjarðar). Um var að ræða fyrsta námskeiðið sem haldið er sérstaklega fyrir starfólk í fiskeldi á Íslandi. Því var um að ræða brautryðjendastarf í starfsmenntun fyrir starfsfólk fiskeldisfyrirtækja. Námskeiðið var 36 kennslustundir. Kennsla fór fram á Húsavík og í Skúlagarði.

## Áhugavert verkefni í skoðun – Fiskur og ferðaþjónusta

Félagið hefur unnið að áhugaverðu verkefni með Mímisímenntun, Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins, Starfsgreinasambandi Íslands og ferðaþjónustuaðilum á Húsavík. Verk-



## Velkomin á Káta daga

á Þórshöfn 15. - 18. júlí 2004

- Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar syngja á tónleikum í Þórshafnarkirkju
- Hagyrðingakvöld og söngskemmtun
- Unglingadansleikur með hjómsveitinni VON
- Dansleikur með VON. Aldurstakmark 16 ára
- Myndlist- og ljósmyndasýningar
- Gönguferð með leiðsögn
- Loftkastalar og leiktæki
- Kassabílarally
- Prautabraut
- Þongveiðikeppni
- Útimarkaður
- Fjöllistafólk
- Knattspyrna
- Útsýnisflug
- Kajakar
- Brenna



## LANGANESVIKINGUR 2004

### AFLRAUNAKEPPNI Á SKÁLUM

Keppt verður í:  
sjómann  
steinalyftu  
sandbrúsaflaupi  
powerkasti

Skráning í keppnina er í síma: 897 5064

www.thorshofn.is



hópnum er einnig ætlað að standa fyrir námskeiðum og fræðslu fyrir starfsmenn sem tengjast stöðu þeirra. Til dæmis stendur til að halda starfsleitarnámskeið í haust. Þá óskuðu stéttarfélagin eftir fundi með þingmönnum og ráðherrum kjördæmisins vegna málsins. Fundurinn var haldinn á Akureyri. Því miður hefur enn ekki tekist að fjármagna nýja Kísilduftverksmiðju sem ætlað er að koma í staðinn fyrir Kísiliðjuna. Það kom fram á fundi sem trúnaðarmenn starfsmanna og formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur áttu nýlega með forstjóra Kísiliðjunnar.

### Til hamingju með afmælið

Þann 5. apríl sl. voru liðin 40 frá því að Verkamannafélag Húsavíkur



og Verkavennafélagið Von saminuðust undir nafni Verkalýðsfélags Húsavíkur. Ekki var haldið sérstaklega upp á þessi tímamót. Sú hefð hefur skapast að minnst upphafsins, það er þegar fyrsta verkamannafélagið var stofnað árið 1911. Árið 2006 verða því liðin 95 ár frá stofnun Verkamannafélags Húsavíkur og við það tækifæri verður haldið veglega upp á afmælið.

### LN og VH ganga frá samkomulagi

Félagið hefur gengið frá samningi við Lífeyrissjóð Norðurlands. Markmið samstarfsins er að tryggja að þjónusta við félagsmenn verði sem best um leið og því er ætlað að efla og bæta starf beggja aðila á félagssvæðinu. Samkomulagið var kynnt á aðalfundinum og féll í góðan jarðveg.

### Skrifstofa stéttarfélaganna í góðum gir

Málefni skrifstofu stéttarfélaganna voru með hefðbundnum hætti á síðasta starfsári. Fimm starfsmenn störfuðu á skrifstofu félaganna í 3.5 stöðugildum. Stéttarfélagin hafa haldið úti heimasíðu sem allt að þrjú hundruð manns heimsækja daglega og þá er fréttabréf reglulega gefið út af

félögunum sem nýtur alltaf jafn mikilla vinsælda. Að venju hefur mikið verið að gera á skrifstofu félaganna og eru heimsóknir á hana mjög tíðar, auk þess er stórum hluta starfsins sinnt í gegnum síma og með heimsóknum á vinnustaði. Ekki eru fyrirsjáanlegar breytingar á rekstri skrifstofunnar þrátt fyrir mikið álag. Mjög góð nýting hefur verið á félagsaðstöðinni og hefur hún nýst vel í því mikla starfi sem fram fer á vegum stéttarfélaganna á Húsavík/S-Ping.

### Félagsmenn ánægðir með félagið

Á aðalfundinum kom fram almenn ánægja félagsmanna með stöðu og starfsemi félagsins sem

sjaldan hefur staðið betur. Ljóst er að öflugt félag er góður bakhjarl fyrir félagsmenn og styrkir samfélagið í Þingeyjarsýslum.

### Ályktað um málefni Kísiliðjunnar

Aðalfundurinn sendi frá sér eftirfarandi ályktun um málefni Kísiliðjunnar:

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur lýsir yfir þungum áhyggjum vegna lokunar Kísiliðjunnar sem koma á til framkvæmda 1. desember 2004. Ljóst er að lokunin mun hafa mjög alvarlegar atleiðingar í för með sér fyrir starfsfólk, byggð og atvinnulíf í Mývatnssveit auk þess sem áhrifanna kemur til með að gæta víðar s.s. á Húsavík og Akureyri og hjá þjónustufyrirtækjum víða um land. Þá er hætt við að strandsiglingar leggist af í kjölfarið þar sem flutningar fyrir Kísiliðjuna hafa verið um 15% af flutningi Eimskips í strandsiglingum við Ísland. Verði strandsiglingum hætt bendir allt til þess að verðlag á landsbyggðinni fari hækkandi þar sem samkeppni hefur verið til staðar í flutningum á landi og sjó. Um leið mun samkeppnisstaða fyrirtækja á landsbyggðinni samanborið við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu fara versnandi þar sem flutningskostnaður

## FRÓÐLEIKSMOLAR FRÁ AÐALFUNDI VH

mun líklega fara hækkandi. Það þarf því engan að undra að félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur hafi verulegar áhyggjur af stöðu mála.

Fundurinn leggur því áherslu á mikilvægi þess að fjármögnun kísilduftverksmiðju, sem í undirbúningi hefur verið um nokkurt skeið, verði lokið hið fyrsta.

Nái það verkefni ekki fram að ganga er ljóst að héraðið þarf að takast á við hrun í atvinnumálum. Gangi áætlanir um uppbyggingu verksmiðjunnar eftir er engu að síður ljóst að veruleg röskun verður á atvinnumálum í héraðinu og nauðsynlegt að allir aðilar, til þess bærir, taki höndum saman um allar tiltækar mótvegisaðgerðir. Til að hrinda slíkum aðgerðum í framkvæmd tekur Verkalýðsfélag Húsavíkur undir tillögur Atvinnubrúnarfélags Þingeyinga um að hlutaðeigandi sveitarstjórnir, stéttarfélag í Þingeyjarsýslum og Héraðsnefnd Þingeyinga, hafi forgöngu um gerð aðgerðaáætlunar þar sem m.a. verði leitað atbeina stjórnvalda sem bera mikla ábyrgð í þessu máli og annarra hlutaðeigandi aðila. Verkalýðsfélag

Húsavíkur ítrekar vilja sinn til að koma að slíkri vinnu.

### Ályktað um sameiningu VH og VR

Á aðalfundinum kom fram almenn ánægja með sameiningu Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Raufarhafnar. Á fundinum fór fram atkvæðagreiðsla um sameininguna og var hún samþykkt samhljóða. Í kjölfarið var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur fagnar sérstaklega sameiningu félagsins við Verkalýðsfélag Raufarhafnar. Með sameiningunni er stigið stórt skref í þá átt að sameina öll stéttarfélag verkafólks í Þingeyjarsýslum í eitt öflugt stéttarfélag.

Markmiðið með sameiningu Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Raufarhafnar er að efla nýja félagið með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi og að uppfylla kröfur um sjálfsagða þjónustu við félagsmenn. Ljóst er að Verkalýðsfélag Húsavíkur er fjárhagslega sterkt félag sem hefur alla burði til að gera betur við sína

Höfuðborgarsvæðinu s.s. Akureyri og Húsavík

Ánægðustu viðskiptavinirnir

SPARISJÓÐUR  
ÞORSHAFNAR OG NÁGRENNIS



félagsmenn en almennt gerist. Það er von aðalfundarins að sameiningin leiði til þess að önnur stéttarfélag verkafólks í Þingeyjarsýslum gangi til liðs við félagið þannig að til verði eitt öflugt stéttarfélag á svæðinu undir nýju nafni.

### Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði hækkaðir

Aðalfundurinn samþykkti að hækka bætur og styrki til félagsmanna ekki síst vegna góðrar afkomu félagsins. Hér koma nokkur dæmi:

Upphæð dagpeninga verður allt að kr. 4.600,- á dag og verður því um 100.000 á mánuði sem er með því mesta sem gerist hjá stéttarfélagum innan Starfsgreinasambands Íslands. Félagsmenn geta verið á sjúkradagpeningum í allt að 260 virka daga. Sjúkradagpeningar eru greiddir eftir að félagsmenn hafa nýtt sér kjarasambandsbundinn veikindarétt hjá viðkomandi fyrirtæki.

Vegna langvarandi veikinda eða slysa barna eða maka félagsmanna verður heimilt að greiða félagsmönnum sjúkradagpeninga í allt að 130 virka daga eins og verið hefur. Greiðslan hækkar hins vegar og verður allt að kr. 4.600,- á dag.

Áfram verður heimilt að greiða þeim sjóðfélögum sem fara í sjúkranudd hjá löggitum sjúkranuddara allt að kr. 900,- per tíma. Þessi upphæð var kr. 700 og hækkar því um kr. 200. Sama regla gildir fyrir þá sem sækja meðferð hjá kiropraktorum. Fullur réttur er til staðar hjá þeim félagsmönnum sem greitt hefur verið af til sjóðsins kr. 11.520,- eða meira á hverju 12 mánaða tímabili fyrir meðferðina. Upphæðin skal taka mið af lágmarkslaunum á hverjum tíma.

Fullur fæðingarstyrkur til félagsmanna sem eignast börn eða ættleiða börn verður allt kr. 92.000,-, en var kr. 88.000,-.

### Nýtt, nýtt!!!!

Á síðasta aðalfundi Verkalýðsfélags Húsavíkur var samþykkt að niðurgreiða kostnað félags-

manna sem fara í meðferð hjá sálfræðingum. Samkvæmt nýju reglunni fá félagsmenn sem greitt er af til sjúkrasjóðs félagsins endurgreiðslu samkvæmt eftirfarandi reglu: Sjóðfélagi sem fer í meðferð hjá sálfræðingi skal eiga rétt á endurgreiðslu frá sjóðnum kr. 2.000,- fyrir hvert skipti. Fjöldi skipta sem greitt er fyrir getur aldrei orðið fleiri en 12 skipti á ári. Full endurgreiðsla kemur til þeirra félagsmanna sem greitt hefur verið af 11.520,- króna iðgjald. Aðrir sjóðfélagar skulu fá hlutfallslega endurgreiðslu.

### Samningur við Lífeyrissjóð Norðurlands - Stéttarfélagin þjónusta sjóðfélaga

Á aðalfundi Verkalýðsfélags Húsavíkur, sem haldinn var 1. júlí s.l. var kynnt og samþykkt samkomulag við Lífeyrissjóð Norðurlands (LN) um samstarf.

Samstarfið felur í sér að Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík tekur að sér tiltekna þjónustu fyrir sjóðinn í Þingeyjarsýslum, s.s. að aðstoða sjóðfélaga LN við umsóknir um ellilífeyri, makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri og kynna og sjá um gerð samninga um séreignarsparnað. Jafnframt munu aðilar hafa samstarf um kynningarmál á félagssvæði stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum.

Því geta sjóðfélagar LN leitað til Skrifstofu stéttarfélaganna og fengið ráðgjöf og aðstoð við umsóknir um lífeyri. Jafnframt geta þeir sem eru á vinnumarkaði leitað til Skrifstofu stéttarfélaganna og fengið ráðgjöf um séreignarlífeyrissparnað.

### Starfsmenntunarsjóður verslunar- og skrifstofufólks

**-styrkir vegna starfs- og tómsundanáms**

Verslunar- og skrifstofufólk sem eru félagsmenn í Verslunarmannafélagi Húsavíkur, Verkalýðsfélagi Öxarfjarðar og Verkalýðsfélagi Þórshafnar, hafa rétt til styrkja úr

## FRÓÐLEIKSMOLAR FRÁ AÐALFUNDI VH

Starfsmenntunarsjóði verslunar- og skrifstofufólks skv. samþykktum sjóðsins. Veittir eru styrkir vegna eftirtalinnna námskeiða:

**Starfstengd námskeið:** Styrkur 50% af námskeiðskostnaði og 50% af ferðakostnaði. Hámarksstyrkur kr. 60.000.

**Tómsundanámskeið:** Styrkur 50% af námskeiðsgjaldi.

Hámarksstyrkur kr. 8.000.

Réttur til styrkja er háður því að félagsmenn hafi áunnið sér réttindi (stig). Almenna reglan er sú að félagsmenn ávinna sér eitt stig fyrir hvern mánuð í vinnu.

Allar nánari upplýsingar eru veittar á Skrifstofu stéttarfélaganna s. 464-6600.



Tveir góðir og bressir, Kristján Þráinsson og Ármann Sigurjónsson eru hér að dytta að Fiskiðjusamlagi Húsavíkur í góða veðrinu sem verið hefur á Norðurlandi að undanförmu.



All frá áramótum hefur verið unnið að því að ganga frá kjarasamningum fyrir launþega þessa lands sem falla undir almenna kjarasamninga. Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa lagt mikla vinnu í kjarasamningsgerðina um leið og félagin hafa kappkostað að vera í góðu sambandi við félagsmenn. Þessi mynd er tekin af starfsmönnum þjónustumiðstöðvar Vegagerðarinnar á Húsavík þegar nýr kjarasamningur var kynntur og afgreiddur af starfsmönnum.



Þessi mynd er tekin af starfsmönnum sem vinna í veiðibúsinu Hofi í Mývatnssveit. Þau eru, Fredrik, Hörður, Hólmfríður veiðivörður og Jóbanna Jóbannsdóttir frá Gaultlönnum.

# Norræna matvælasambandið fundaði á Húsavík

Stjórn Norræna Matvælasambandsins (Nordisk Union) fundaði á Húsavík í júní. Um tuttugu manna hópur kom og dvaldi þar í tvo daga. Þrettán eru í stjórn sambandsins. Auk stjórnar komu starfsmenn og varastjórn sambandsins til Húsavíkur. Í Norræna Matvælasambandinu eru um 200 þúsund félagsmenn sem starfa við matvælaíðnað á Norðurlöndunum. Fulltrúi Íslands í stjórninni, sem tilnefndur er af Starfsgreinasambandi Íslands, er formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, Aðalsteinn Á. Baldursson. Í tengslum við fundinn kynntu norrænu verkalýðsforingjarnir sér m.a. atvinnulíf og ný atvinnutækifæri á Húsavík, sem dreifbýlissvæðis á Íslandi, og fóru í skoðunarferð um svæðið. Sérstaka athygli gestanna vakti sá mikli eldmóður sem þeim virtist vera í Húsvíkingum og nefndu til sög-



Þessi mynd er talandi dæmi um brifningu erlendu gestanna í Norræna matvælasambandinu sem dvöldu á Húsavík í byrjun júní. Leif Pilevang frá Svíþjóð er hér stoltur með ufsa sem hann veiddi á sjóstöng á Skjálffanda.

unnar smáíðnað s.s. berjavíngerðina, "Kvöldsol" sem þeir skoðuðu og uppbyggingu í ferðþjónustu. Í því sambandi skoðuðu þau Safnahúsið, Reðursafnið, Hvalasafnið og fóru í hvalaskoðunarferð sem vakti mikla athygli og ánægju. Þá voru náttúruperlur í Mývatnssveit einnig skoðaðar undir leiðsögn Arngríms Geirssonar.

Verkalýðsfélag Húsavíkur, annaðist skipulagningu fundarins og stóð fyrir kynningu á menningu, sögu, atvinnu- og mannlífi á Húsavík og í Þingeyjarsýslum. Hjóðfærsláttur ungmenna úr Aðaldal, sem leikin var af mikilli færni og innlifun, á afrískt ásláttarljóðfæri, yfir hátíðarkvöldverði var öllum til óblandinnar ánægju. Skipulagning fundarins í heild var með miklum sóma að mati erlendu gestanna. Verkalýðsfélag Húsavíkur vill nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komu að því að skipuleggja dvöl erlendu gestanna fyrir þeirra framlag.



Það er alltaf gott að koma í Laugasel í Reykjadal. Þar er rekin matvöruverslun og veitingastaður. Þeir sem eiga leið um Reykjadalinn eru eindregið hvattir til að koma við í Laugaseli. Á myndinni er einn af starfsmönnum Laugasels, Sigrún Gyða Matthíasdóttir. Með henni á myndinni er Björn Hinnbogi Birnuson sem var að kaupa sér bland í poka.



Stjórn og starfsmenn Norræna Matvælasambandsins sem dvöldu á Húsavík í byrjun júní létu vel af þjónustu Fosshótelis Húsavíkur. Hópurinn gisti á bótelinu auk þess að snæða þar m.a. bátíðarkvöldverð sem vakti brifningu gestanna. Hér má sjá þrjá af starfsmönnum bótelsins. Ævar, Sverri og Anítu.



Óþvott er að segja að Nomwe Marimba hópurinn frá Haftralækjarskóla hafi slegið í gegn að undanförunu en þau leika á afrískt ásláttarljóðfæri. Hér má sjá þau spila á Gamla-Bauk fyrir norræna verkalýðsforingja sem kunnur vel að meta tónlistina.



Guðrún Þórarinsdóttir bauð norrænu verkalýðsforingjunum nýbakað bverabrauð að bætti Mývetninga sem þeir kunnur vel að meta.

## Varnir gegn vágestum, fyrir verslanir og þjónustuaðila -námskeið og vottun

Verzlunarmannafélag Húsavíkur hyggst, í samráði við Securitas, lögregluna, Samkaup og fleiri verslanir, bjóða upp á námskeið um öryggismál verslana og þjónustuaðila.

Verzlunum og þjónustuaðilum býðst í tengslum við námskeiðið að fá vottunina. Námskeiðið er 3 klst. og samanstendur af mörgum þáttum sem varða innra og ytra

öryggi verslana og þjónustuaðila gegn hnupli, ránum, innbrotum, meðferð greiðslukorta og fjármuna auk fleiri þátta.

Stefnt er að því að námskeiðið (tvö námskeið sama daginn) verði haldið á Húsavík í september. Námskeiðið er ætlað forsvarsmönnum og öðrum starfsmönnum verslunar og þjónustufyrirtækja í N. og S-Þingeyjarsýslu.

Í samstarfi við Securitas og lögregluna býðst verslunum og þjónustuaðilum að fá vottunina „VARNIR GEGN VÁGESTUM“. Til að fá vottunina þurfa starfsmenn að fara á námskeiðið og yfirfara þarf ráðstafanir fyrirtækjanna í öryggismálum.

Skráning og nánari upplýsingar um námskeiðið og vottunina eru veittar á Skrifstofu stéttarfélaganna sími 464-6600. Æskilegt er að áhugasamir félagsmenn og forsvarsmenn verslana og þjónustuaðila hafi samband fyrir lok júlí.



Rétt er að taka fram að þessi mynd er sviðsett og þurfa því bæjarbúar ekki að vera bræddir um að þessi „glepamaður“ gangi laus um á Húsavík. Hins vegar geta menn alltaf átt von á slíkum mönnum og því hefur Verzlunarmannafélag Húsavíkur í samráði við Securitas, lögregluna og verslanir á svæðinu ákveðið að standa fyrir námseidi um bvernig breögðast eigi við slíkum vágestum.

## Styrkur til Lúðrasveitar Þingeyinga

Aðildarfélag Skrifstofu stéttarfélaganna færðu nýlega Lúðrasveit Þingeyinga kr. 100.000,- vegna tónleikaferðar sveitarinnar til Eistlands í sumar. Með gjöfni vildu stéttarfélagin þakka Lúðrasveitinni fyrir frábært samstarf og framlag þeirra í gegnum tíðina til hátíðahaldanna 1. maí sem er ómetanlegt.


### Séreignarlífeyrissparnaður:

## Ávöxtun, kostnaður og þjónusta skipta mestu

Eins og fram kemur í fréttabréfinu hefur Skrifstofa stéttarfélaganna tekið að sér að veita Þingeyingum ráðgjöf um séreignarlífeyrissparnað og sjá um gerð slíkra samninga fyrir Lífeyrissjóð Norðurlands.

Þegar ákvörðun er tekin um val á séreignasjóði skipta atriði eins og ávöxtun, kostnaður og þjónusta mestu máli.

### Ávöxtun



Lífeyrissjóður Norðurlands býður upp á tvönskonar söfn, Safn I þar sem lögð er áhersla á jafna og góða ávöxtun og Safn II þar sem hlutfall hlutabréfa er hærra og stefnt er að hærri ávöxtun.

Ávöxtun séreignarsjóðsins hefur mest áhrif á þann lífeyri (útgreiðslu) sem sjóðfélagi fær þegar hann ákveður að taka út úr honum. Sem dæmi má taka 25 ára einstakling með kr. 200.000 á mánuði sem sjálfur sparar 4% og fær 2% mótframlag frá launagreiðanda. Við 65 ára aldur er inneign þessa einstaklings 14 millj. mv. 4% ávöxtun en 23 millj. mv. 6% ávöxtun á tímabilinu.

Ávöxtun á Safni I og II hjá Lífeyrissjóði Norðurlands hefur verið ein sú besta frá því séreignarsparnaðurinn hófst árið 1999. Á þessu tímabili hefur hún aldrei orðið neikvæð. Á árinu 2003 var 11,0% ávöxtun af Safni I og 13,1% ávöxtun af Safni II.

### Kostnaður

Mikilvægt er að hafa upplýsingar um kostnað við rekstur séreignarsjóðanna. Hjá Lífeyrissjóði Norðurlands er árlegur kostnaður 0,5% af inneign sjóðsfélaga. Mikið er lagt upp úr að hafa kostnaðinn sem lægstan. Það er t.d. gert með því að fara ekki í dýrar auglýsinga-herferðir. Slíkur kostnaður leggst alltaf á sjóðfélagana.

Auk rekstrarkostnaðar, skiptir miklu það gjald, sem sjóðfélagar þurfa að greiða þegar þeir hefja séreignarsparnað eða vilja hætta hjá einum aðila og flytja til annars. Þeir sem eru í séreignarsparnaði hjá Lífeyrissjóði Norðurlands greiða ekkert gjald þegar þeir ákveða að hefja sparnað hjá Lífeyrissjóði Norðurlands og ekki heldur ef þeir kjósa að hætta sparnaði hjá sjóðnum.

### Þjónusta

Lífeyrissjóður Norðurlands leggur mikið upp úr að þjónusta sjóðsfélaga í séreignarsparnaði, m.a. sendir sjóðurinn yfirlit tvisvar á ári þar sem fram koma upplýsingar um sparnaðinn og ávöxtun. Jafnframt sér sjóðurinn um innheimtu hjá launagreiðendum á því iðgjaldi sem viðkomandi ákveður að spara auk mótframlagi frá launagreiðanda. Greiði launagreiðendur framlagið of seint, innheimtir sjóðurinn dráttarvexti sem renna til viðkomandi sjóðsfélaga. Með þessum skilvirku vinnubrögðum tryggir sjóðurinn að Ábyrgðarsjóður launa greiði allt að 4% framlag sjóðsfélaga til séreignarsparnaðar ef fyrirtæki verður gjaldþrota og sjóðurinn hefur upplýsingar um iðgjöldin.

Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík veitir ráðgjöf og upplýsingar um séreignarlífeyrissparnað. Hafið samband í síma 464-6600 eða komið í heimsókn.

## Tilkynning til launagreiðenda á Raufarhöfn

Verkalýðsfélag Raufarhafnar og Verkalýðsfélag Húsavíkur sameinuðust undir nafni Verkalýðsfélags Húsavíkur þann 1. júlí 2004. Því skulu allar skilgreinar vegna félagsgjalda og skyldra gjalda sendast framvegis til Verkalýðsfélags Húsavíkur.

Félagsgjöld vegna launa í júlí 2004 og framvegis leggjast inn á nýjan bankareikning 0192-26-21 kt. 680269-7349.

Félagsgjald er óbreytt 1% af heildarlaunum (dagvinnulaun, yfirvinnulaun, álagsgreiðslur, upp-

bætur, orlof og önnur laun). Framlög launagreiðenda í sjúkra-, orlofs- og fræðslusjóði er í samræmi við kjarasamninga og lög.

Ef einhverjar spurningar vakna vegna þessarar breytingar þá hafið samband við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík sími 464-6600.

**Upplýsingar fyrir launakerfi:**  
**Verkalýðsfélag Húsavíkur kt. 680269-7349**

**Garðarsbraut 26, 640 Húsavík**  
**Stéttarfélagsnúmer F121**

## Orlofsuppbót 2004

Orlofsuppbót á að greiðast þegar starfsmenn fara í orlof, en þó eigi síðar en 15. ágúst. Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa mótað sér þá reglu að greiða hana út í byrjun sumars, t.d. með launaútborgun 1. júní ár hvert.

### Full orlofsuppbót er:

kr. 21.100 á almennum verka-fólki og iðnaðarmönnum

kr. 15.900 hjá afgreiðslu- og skrifstofufólki

kr. 21.200 hjá starfsmönnum ríkisins

kr. 10.400 hjá starfsmönnum sveitarfélaga

Uppbótin greiðist í hlutfalli við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu frá 1. maí 2003 – 30. apríl 2004.

Mikilvægt er að félagsmenn og launagreiðendur átti sig á réttindum sumarstarfsmanna, almennt eiga þeir rétt á orlofsuppbót í vor ef þeir störfuðu í 12 vikur eða meir s.l. sumar. Í tilvikum brumstarfsmanna er þó lagt til að orlofs- og desemberuppbót sé gerð upp við þá við starfslok á haustin.

Starfsmenn sem fara í fæðingarorlof, hætta vegna veikinda eða aldurs fá einnig greidda hlutfallslega orlofsuppbót í samræmi við starfstíma þeirra. Hjá þessum aðilum er þó enginn áskilinn lágmarks starfstími og þegar starfsmaður hefur unnið hjá fyrirtæki í eitt ár fær hann einnig orlofsuppbót fyrir þá mánuði sem hann er í fæðingarorlofi.




Hér má sjá Kidda Lúlla setja niður kartöflur í vor. Kiddi hefur lengi baft kartöflugarö beima hjá sér í Heiðargerðinu á Húsavík. Að sjálfsgöðu vonaðist Kiddi eftir góðri uppskeru í haust.



Árni G. Jónsson er einn af þeim sem lét af störfum í trúnaðarmannaráði Verkalýðsfélags Húsavíkur á síðasta aðalfundi. Árni hefur verið góður liðsmaður í trúnaðarmannaráði auk þess að sinna starfi trúnaðarmanns hjá Norðlenska með miklum áætum. Verkalýðsfélag Húsavíkur þakkar bonum sérstaklega fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni.

# Aldrei neikvæð ávöxtun

Mikil hækkun umfram verðlag



Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands var sett á laggimar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, Safn I og Safn II og á fyrstu rúnum 5 árum deildarinnar eða til loka apríl 2004, var raunhækkun 54,6% á Safni I og 65,9% á Safni II. Þetta eru hækkunir sem urðu á söfnunum umfram almennar verðlagshækkunir á þessum 64 mánuðum. Þetta er athyglisverður árangur. Því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum söfnum hafa hækkað jafnt og þétt milli ára og ársávöxtun **hefur aldrei orðið neikvæð** á þessum tíma. Mikilvægt er einnig að benda á að kostnaði er stillt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0,5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarspamaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig staðið er að innheimtu löggjalda í séreign því mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.



Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501  
Tölvupóstur: ln@ln.is • Heimasíða: www.ln.is

[www.ln.is](http://www.ln.is)